

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 38 31. janúar 1991,
um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 4. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

Við úthafsærkjuveiðar á svæði fyrir Norðurlandi milli 14°V og 18°V skal nota net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar. Austan Langaness markast syðri mörk svæðisins af línu sem dregin er réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi. Sama gildir við rækjuveiðar fyrir Suðvesturlandi sunnan 65°15'N og vestan 22°V.

Við notkun leggpoka samkvæmt 2. og 3. mgr. er heimilt að nota þrjá síðumöskva fyrir framan kolllínumöskvana.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 333 5. júlí 1991, um breytingu á reglugerð nr. 38 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.